
GREINARGERÐ

fyrir breytingum götunafna á Akranesi

Sérprentun úr blaðinu „Akranes“

Bærinn hefur stækkað mikið á síðustu árum. Hafa því verið skipulögð ný svæði og götum þar af leiðandi fjölgað verulega. Hvað sem hinum fyrri nöfnum leið, þyrfti því að gefa a. m. k. hinum nýju götum nöfn. Þar sem uppi höfðu verið nokkrar raddir um breytingu á hinum gömlu nöfnum, þótti bæjarstjórninni rétt að taka málið í heild sinni til rækilegrar yfirvegunar og skipaði þriggja manna nefnd til að gera tillögur um það.

Hinn 8. september s.l. skilaði nefndin álit því, sem hér fer á eftir:

„Nefndarálit um götunöfn.“

Þegar hið fyrsta skipulag kaupsinsins var staðfest 16/12 1927, þótti þáverandi hreppsnefnd rétt að gefa götum nöfn og númera hús.

Fyrir löngu höfðu þá nokkrar götur fengið heiti, en aðrar ekki, eða a. m. k. ekki viðurkennd heiti. Fyrir þann tíma skírði hver maður hús sitt ákveðnu heiti, sem jafnvel enn eru notuð jöfnum höndum.

Allmiklar bollaleggingar urðu um hvaða reglu skyldi fylgt við nafngiftina. Varð það sjónarmið að lokum ráðandi, að taka sem flest nöfn úr fornmálinu, þó með nokkrum undantekningum, því að ekki þótti fært að kasta þeim nöfnum, sem mesta og varanlegasta hefð höfðu hlotið.

Í fyrstu varð nokkur óánægja út af breytingunni, en mun þó fljótt hafa hjaðnað, þótt enn megi sjálfsagt finna einhver dæmi hennar.

Langt er síðan nokkrir menn skrifuðu um það í blaðið

„Akranes“, að breyta bæri götunöfnum. Töldu þessir menn rétt að tengja hin nýju nöfn við staðhætti, örnefni eða sögu bæjarins. Eftir þessar umræður lét blaðið fara fram atkvæðagreiðslu meðal bæjarbúa um þetta atriði. Ekki var þátttakan mikil, en mikill meirihluti þeirra, sem atkvæði greiddu, vildu breyta nöfnunum í þá átt, sem hér var nefnt.

Það er nokkuð langt síðan bæjarstjórnin skipaði undirritaða í nefnd til að gera tillögur um þetta efni. Hefur nefndin rétt að flokka nöfnin nokkuð eftir staðhættum, ið niðurstöður sínar undir sérfróða menn í Reykjavík. Um það leyti, sem nefndin var skipuð, stóð fyrir dyrum stórfelld skipulagsbreyting, þar sem hið skipulagða svæði var verulega stækkað og götum fjölgað. Með hliðsjón hér af þótti nefndinni því rétt að bíða með álit sitt og tillögur þar til skipulagið yrði fullgert. En þar sem þessi endanlegi skipulagsuppdráttur liggur nú fyrir, vill nefndin ekki draga lengur að skila álit.

Nefndin getur fallist á það höfuðsjónarmið, að breyta verulega um nöfn á götum í bænum, og telur rétt að taka tillit til örnefna, gamalla nafna og sögu staðarins. Telur nefndin haldið marga fundi, rætt málið allýtarlega og borendingum nafnanna eða forskeytum þeirra, svo að sem bezt fari í munni.

Með þessum formála vill nefndin því gera eftirfarandi tillögur um götuheiti í bænum samkv. því skipulagi, sem nú liggur fyrir:

Akranesi, 8. september 1946.

Ól. B. Björnsson.
Þórh. Sæmundsson.
Svbj. Oddsson.“

Aðeins þremur nöfnum breytti bæjarstjórnin raunverulega frá því, sem nefndin lagði til. Samþ. bæjarstjórnin á

fundi sínum hinn 9. desember s.l., að frá og með 1. janúar 1947 skyldu þetta vera götuheiti og torga í bænum samkv. því skipulagi, sem nú er að öðlast staðfestingu. Fara nöfnin hér á eftir með nokkrum skýringum:

Nöfn á eftirtöldum götum eru óbreytt: Breiðargata, Bárugata, Suðurgata og Vesturgata.

Bræðrapartur:

Það er ný gata, sem liggur vestur allt Bræðrapartstún, ofanvert við Víkurnar. Fyrir framan þessa götu er ætlast til að byggð verði fram í fjöru samfelld „blokk“-bygging í sambandi við útveginn, og verði þannig varnargarður, um leið og þarna verði hægt að koma frá sér til sjávar öllu því, sem orsakað gæti óþrífnað.

Sýrupartur:

Það er næsta gata fyrir ofan (af Breiðargötu) og liggur vestur mýrarnar. Breið gata, sem eingöngu er ætlast til að fiskhús verði byggð við. Fær hún nafnið af hinum þrem gömlu býlum, sem öll hétu Sýrupartur.

Hafnarbraut:

Áður Ránargata. Hún byrjar á hafnargarðinum og liggur yfir Bárugötuna fram hjá Báruhúsinu alla leið niður á Bræðrapart.

Lambhúsvegur:

Það er nýr vegur, milli Hafnarbrautar og Vesturgötu. Liggur syðst yfir Háteigsland, en aðallega yfir Lambhúsaland.

Þá koma teiganöfn, sem ná yfir allstórt svæði:

Miðteigur:

Áður Unnarstígur.

Háteigur:

Áður Auðarstígur.

Litliteigur:

Ný gata. Þessar þrjár götur bera nöfn gamalla býla.

Vitateigur:

Áður Mímisstígur. Fær nafnið af hinum fyrsta vita á Akranesi. Hann stóð þar sem Akursteigurinn er hæstur. Rétt fyrir sunnan og neðan Teigakot.

Melteigur:

Áður Gylfastígur. Er þar enn verið að seilast eftir teigs-nafninu í þessu hverfi, en forskeytið helgast af Melshúsum, en þau stóðu ofanvert við veginn, og við Suðurgötu.

Merkurteigur:

Áður Bjarkarstígur. Þar helgast forskeytið af Mörk.

Sóleyjargata:

Hún liggur yfir alla þessa teiga. Er ný gata og fær nafn sitt frá Sóleyjartungu, sem er hús við neðri enda götunnar.

Akursbraut:

Það er ný gata meðfram höfninni, og helgast af býlinu Akur.

Á svæðinu fyrir vestan Vesturgötu koma fjórar nýjar götur, sem allar enda á tún. Fyrri hluti nafnsins helgast hins vegar af gömlum býlum á þessu svæði.

Bakkatún:

Áður Njarðargata.

Grundartún:

Ný gata.

Deildartún:

Áður Fáfnisvegur.

Krókatún:

Áður Fjölnisvegur.

Vegamót:

Það er torg, sem áður hét Óðinstorg. Þykir rétt að kalla það gömlu íslenzku, látlausu nafni. Ekki sízt, þar sem býlið Vegamót stóð þarna rétt hjá.

Mánabraut:

Áður Baugastígur. Þetta er fallett nafn, fer vel í munni og er að nokkru táknrænt, því að vegurinn er eins og hálfmáni í lögun.

Sunnubraut:

Áður Nönnugata. Það er fallett nafn, og fer ekki illa á, að það sé nálægt Mánabraut.

Laugarbraut:

Áður Freyjugata. Það helgast af Bjarnalaug. Hafði nefndin þó ríkast í huga að tengja götuna á einhvern hátt við býlið Bjarg, sem þarna stóð. En það virtist ekki mögulegt, svo að vel færi á.

Heiðarbraut:

Áður Hringbraut. Það var því miður ekki hægt að halda Hringbrautarnafninu, vegna gagngerðrar breytingar á efri hluta götunnar. Nú er hún bein, en lá áður í boga. Urðu því hálfgerð vandræði úr að finna gott nafn. Virtist nefndinni þetta stórt og fallett nafn, og mega vel til sanns vegar færa, þar sem gatan stefnir á hið fallega fjall Skarðsheiði.

Kirkjubraut:

Áður Óðinsgata. Hin væntanlega kirkja á að rísa við efri enda þessarar götu, og stendur þá þarna vonandi um aldur og ævi. Virtist því liggja bezt við að nefna hana Kirkjubraut.

Skólabraut:

Áður Skírnisgata. Við neðri hluta þessarar götu var hið fyrsta skólahús á Akranesi byggt. Og þar stendur enn hið nýrra skólahús. Mælir því ýmislegt með að gatan fái þetta heiti, enda þótt nýtt skólahús verði byggt á öðrum stað.

Merkigerði:

Áður Baldursgata. Hér kom ýmislegt til greina, en þó frekast það, að vestari hluti götunnar að Suðurgötu er nákvæmlega á merkjum Skagalóðar og Garða, allt frá því, er þessum löndum var fyrst skipt á söguöld. Þarna og víðar hefur líka verið reynt að halda í allt það, sem minnt gæti á kornræktina hér til forna, og var því þarna valin endingin „gerði“. Því fremur átti þetta og rétt á sér, þar sem húsið Merkigerði er þarna rétt hjá. Og á sama hátt Akurgerði við næstu götu.

Akurgerði:

Áður Bragagata.

Víðigerði:

Það er ný gata. En nafnið fundið til samræmis við tvö þau fyrri.

Skagabraut:

Áður Sleipnisvegur. Ýmis nöfn komu þarna til greina, en þetta þótti þó fara bezt, og helgast af því, að þetta er aðalleiðin ofan í Skagann og út frá honum.

Þá koma margar götur á nýskipulögðu svæði. Og þá

fyrst á svokölluðum Söndum. Bæði sunnan og norðan núverandi Skagabrautar.

Jaðarsbraut:

Ný gata, fremst á bakkanum ofan við Langasand. Stefnir hún á jörðina Jaðar, og eftir fyrri troðningum þangað og upp að Görðum.

Sandabraut:

Næsta gata norðan við, og er líka ný. Helgast hún af þessu svæði, sem einu nafni var kallað Sandar.

Esjubraut:

Þetta er sýsluvegurinn af Sleipnisvegi að Jaðri og áfram, sem stundum er nefndur Innnes-vegur.

Garðabraut:

Það er nýr vegur, enn innar. Nær hann alla leið neðan frá sjó í Presthúsum og upp undir Garða. Virðist sjálfsagt að láta hann helgast af þessu gamla, góða býli, sem lengst af átti allt þetta land, sem gatan liggur um, og náttúrlega langtum meira.

Skarð, Jaðar, Forni-Jaðar:

Þetta eru allt smá þverstígir, sem ekkert verður byggt við. En þar sem þeir eru markaðir á kortið, þótti rétt að gefa þeim nöfn. Hið fyrsta styðst nú við lítið. En með hinm tveimur er haldið uppi fornum býlanöfnum.

Fyrir vestan og norðan Skagabraut kemur stórt nýskipulagt svæði, þar sem eru margir skáreitir. Endingin alls staðar „grund“. Þarna er sléttlent, og þarna var (syðst) byggt húsið Fagragrund.

Bjarkagrund:

Syðst. Nú síðast kallað Vallarstræti.

**Reynigrund, Hvannagrund, Smáragrund, Fífugrund,
Fjólugrund:**

Virtist nærri liggja og vera fallett að velja blóma- eða trjáaheiti sem forskeyti framan við þessi nöfn.

Þar fyrir vestan kemur enn svæði, sem að mestu er nýskipulagt.

Stillholt:

Löng gata, sem helgast af örnefninu Stillholt.

Stekkjarholt:

Gott og gamalt nafn. Enda munnmæli um, að þarna nálægt hafi verið gamalt stekkjarstæði.

Háholt:

Til samræmis, þar sem um gott nafn er að ræða.

Arnarholt:

Líka til samræmis, en auk þess var þarna nálægt húsið Arnardalur.

Vogabraut:

Þetta er vegurinn næst sjónum fyrir innan Mýrarhús, á svokölluðum Presthúsakampi. Var þar áður gamli vegurinn inn í Vogana.

Kalmansbraut:

Það er næsta gata þar fyrir ofan og sunnan. Virðist það að ýmsu leyti ágætt nafn, og má segja að helgist af þeim Íra, sem fyrstur hefur byggt bæinn Kalmannsvík og gefið vikinni — þangað sem vegurinn liggur — það nafn.

Brekkubraut:

Það er gata næst fyrir sunnan. Liggur hún yfir Brekkubæjarland frá hinum væntanlega nýja barnaskóla, rétt fyrir innan prestssetrið.

Akratorg:

Er innan við bæinn og tengir saman þjóðveginn og Skagabraut.

Skeljavegur:

Er nýr vegur. Næst fyrir neðan Lambhúsveg. Var erfitt að finna viðunandi nafn í sambandi við örnefni þarna. Þótti fara best á, að endingin væri í samræmi við efri veginn. Af því að skel er fallett orð, þótti því eftir atvikum rétt að nefna hann Skeljaveg. Er það að vísu heldur ekki alveg út í hött, því að þarna í Víkunum er mjög mikið af skeljasandi, og í landinu þar upp af.

Í svona málum er erfitt að gera svo öllum líki, því að sitt sýnist hverjum, eins og oft vill verða. Það er þó von nefndarinnar og skoðun bæjarstjórnarinnar, að nöfnin muni venjast vel, og allir setta sig vel við það, sem orðið er. Hafa ýmsir menn með næman málsmekk — bæði hér og annars staðar — látið í ljós ánægju sína yfir nafngiftinni, og talið, að hún hafi tekizt mjög vel.

Vegna breytinga á skipulaginu kemur sums staðar ný gatnaskipun. Í öllum tilfellum kemur sú breyting þó ekki þegar til framkvæmda, heldur smátt og smátt. Þess vegna verða sum gömul hús þá við aðrar götur en nú eru þau. Þar til þetta breytist samkv. hinu nýja skipulagi verða t. d. eftirtalin hús fyrst um sinn talin við *Kirkjubraut*:

1. Kirkjubær nr. 35.
2. Steinsstaðir nr. 36.
3. Dagsbrún nr. 42.
4. Blómsturvellir nr. 49.
5. Hús Halldórs Guðmundssonar nr. 53.
6. Hús Daníels Vigfússonar nr. 56.
7. Sigurðsstaðir nr. 57.
8. Landakot nr. 59.

Eftirtalin hús verða nú þegar talin við *Fjólugrund*, áður Þórsgötu:

1. Tryggvaskáli nr. 3.
2. Brautarholt nr. 5.
3. Elliheimilið nr. 7.
4. Skálholt nr. 9.
5. Bjarnastaðir nr. 11.

Við *Stillholt* verður Hóll, sem áður var við Hringbraut nr. 71.

Við Miðteig:

- Hús Ól. B. Björnssonar nr. 2.
Hús Ólafs Ásmundssonar nr. 6.

Við Háteig:

- Minni-Borg nr. 1.
Hús Viktors Björnssonar nr. 3.
Tunga nr. 6.
Borg nr. 7.
Þinghóll nr. 9.
Sóleyjartunga nr. 10.